

Priðjudaginn 8. júní 1982.

Nr. 168/1981. **Ákærvaldið**

(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)

gegn

Þorsteini Úlfari Björnssyni

(Gunnlaugur Þórðarson hrl.).

Ávana- og fíkniefni. Brot gegn lögum nr. 65/1974.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómarnir Logi Einarsson, Björn Sveinbjörnsson og Sigurgeir Jónsson.

Máli þessu var áfrýjað að ósk ákærða, en af hálfu ákærvalds er krafist staðfestingar hins áfrýjaða dóms. Ágrip dómsgerða barst Hæstarétti 10. mars 1982.

Samkvæmt auglýsingu nr. 22/1974 og með heimild í lögum nr. 65/1974 er Ísland aðili að alþjóðasamningi um ávana- og fíkniefni, gerðum í New York 30. mars 1961 ásamt bókun um breytingu á samningi þessum, gerðri í Genf 25. mars 1972. Tók samningur þessi gildi hér á landi 17. janúar 1975. Í 2. gr. samningsins og fylgiskjölum með honum eru talin upp þau ávana- og fíkniefni, sem eru háð eftirliti samkvæmt honum. Samkvæmt 4. gr. samningsins skuldbinda aðilar að honum sig m. a. til að takmarka innan ramma samningsins framleiðslu, tilbúning, útflutning, innflutning, dreifingu, verslun, notkun og eignarhald á ávana- og fíkniefnum algerlega við lækningar og vísindastörf. Meðal ávana- og fíkniefna þeirra, sem samningurinn tekur til, sbr. fylgiskjal I með honum, er „cannabis and cannabis resin and extracts and tinctures of cannabis“. Samkvæmt b lið 1. gr. í framangreindum samningi er kannabis skilgreint þannig, að það þýði „blómhnappur eða brum kannabisplöntunnar (undanþegin eru fræ og blöð, þegar brum fylgja þeim ekki) sem ekki er búið að taka harpeisinn út, hverju nafni sem nefnt kann að vera“. Kannabisjurt þýðir hvers kyns jurt af kannabisætt samkvæmt c lið. Í 2. mgr. 28. gr. samningsins segir, að ákvæði hans taki ekki til „ræktunar kannabisjurtar, ef

hún er ræktuð eingöngu vegna iðnaðar (trefjar og fræ) eða garðyrkju“.

Af hálfu ákærða er því haldið fram, að hann hafi ræktað kannabisplöntur þær, er hjá honum fundust og mál þetta fjallar um, til að nota þær í skjólbelti og til yndisauka. Slík ræktun brjóti ekki í bága við lög um ávana- og fíkniefni. Er í því sambandi skírskotað til 2. mgr. 28. gr. framangreindrar alþjóðasamþykktar.

Alþjóðasamningur þessi girðir ekki fyrir það samkvæmt efni sínu, að hér á landi séu settar viðtækari reglur um vörslu og meðferð ávana- og fíkniefna en í samningnum greinir. Samkvæmt 1. mgr. 2. gr. laga nr. 65/1974 er varsla og meðferð ávana- og fíkniefna þeirra, sem í 6. gr. greinir, óheimil á íslensku forráðasvæði með tilteknum fyrirvara. Í 6. gr. eru m. a. nefnd sem ávana- og fíkniefni Kannabis (Marihuana) og Tetrahýdrókannabínólar. Í lista A á fylgiskjali I með reglugerð nr. 390/1974, sem sett er með heimild í framangreindum lögum, eru talin upp efni, sem bönnuð eru á íslensku forráðasvæði, sbr. 2. gr. laganna. Þar er talið undir A 6 Kannabis (Marihuana) og Kannabis harpeis og hvers konar galenskar samsetningar og plöntuhlutar. Undir A 19 eru m. a. taldir Tetrahýdrókannabínólar.

Í hinum áfrýjaða dómi er rakið, að ákærði hafi ræktað plöntur, sem reyndust vera kannabisplöntur (cannabis sativa) og innihalda nokkurt magn Tetrahýdrókannabínóls. Er því hér um að ræða ávana- og fíkniefni, sem talin eru í 6. gr. laga nr. 65/1974 og 2. gr. reglugerðar nr. 390/1974, sbr. lista A með nefndri reglugerð, nr. A 6 og nr. A 19. Varsla ávana- og fíkniefna þeirra, sem talin eru í 6. gr., er skilyrðislaust óheimil samkvæmt 1. og 4. mgr. 2. gr. laganna, nema ráðherra hafi veitt undanþágu til hennar samkvæmt 3. mgr. greinarinnar, en slíkri undanþágu er ekki til að dreifa í þessu tilviki. Ákærði hefur ræktað plönturnar heima hjá sér og haft þær undir höndum án heimildar. Með því hefur hann gerst brotlegur við þau ákvæði, sem honum eru gefin að sök í ákæru. Ber samkvæmt því að staðfesta hinn áfrýjaða dóm, þó svo, að frestur til greiðslu sektar verði 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Dæma ber ákærða til að greiða allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 4.500.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, 4.500.00 krónur.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, þó svo, að frestur til greiðslu sektar verði 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 4.500.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Gunnlaugs Þórðarsonar hæstaréttarlögmanns, 4.500.00 krónur.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum 6. janúar 1981.

Ár 1981, þriðjudaginn 6. janúar, var á dómþingi sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum, sem háð var að Hverfisgötu 113, Reykjavík, af Þórði Þórðarsyni fulltrúa við undirritaða votta, kveðinn upp dómur í sakadómsmáli nr. 726/1980: Ákærvaldið gegn Þorsteini Úlfari Björnssyni.

Málið, sem dómtekið var 5. þ. m., er af ríkissaksóknara höfðað með ákæru, dags. 23. september 1980, á hendur Þorsteini Úlfari Björnssyni kvikmyndagerðarmanni, nú til heimilis að Skaftahlíð 38, Reykjavík, fæddum þar í borg 1. febrúar 1951, fyrir að hafa ræktað og haft í vörslum sínum á heimili sínu að Flyðrugranda 4, Reykjavík, 27 kannabisjurtir (cannabis sativa) á tímabilinu frá febrúar til 10. maí 1979, en þann dag lagði lögreglan hald á jurtirnar. Í niðurlagi ákæruskjals segir svo:

„Telst þetta varða við 2. gr., sbr. 4., 5. og 6. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974 og 2. gr., sbr. 10. gr. reglugerðar um sölu og meðferð ávana- og fíkniefna nr. 390/1974. Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur tilrefsingar, til greiðslu alls sakarkostnaðar og til að sæta upptöku á ofangreindum plöntum eða leifum þeirra samkvæmt 5. mgr. 5. gr. nefndra laga nr. 65/1974 og 2. mgr. 10. gr. nefndrar reglugerðar nr. 390/1974.“

Ákærði er á sakhæfisaldri, nánar, svo sem áður greinir, fæddur í Reykjavík 1. febrúar 1951. Hann hefur ekki sætt refsingum, svo kunnugt sé.

MÁLSATVIK.

Þann 10. apríl 1979 fóru lögreglumenn frá fíkniefnadeild lögreglu í Reykjavík að Flyðrugranda 4 hér í borg, en borist hafði ábending til lögreglu um, að þar í íbúð á fyrstu hæð færi fram ræktun kannabisplantna. Þar í stofuglugga sáu lögreglumenn allmikinn gróður, og mátti sjá, að nokkrar plönturnar voru af kannabistegund. Á staðnum hittu lögreglumenn fyrir Maríu Sigurðardóttur, eiginkonu ákærða. Í viðræðum við lögreglumenn viðurkenndi nefnd María að ræktun kannabisplantna færi fram í íbúð þeirra hjóna. Þá viðurkenndi hún einnig, að í geymslu, tilheyrandi íbúðinni, færi fram ræktun kannabisplantna undir flóðljósi.

Við athugun kom í ljós, að þrjár kannabisplöntur voru í stofuglugga, en skv. tilmælum lögreglumanna hafði María símasamband við ákærða, og kom hann heim. Við leit, er fram fór að viðstöddum ákærða, fundust fleiri kannabisplöntur í nefndu geymsluherbergi, en þar voru einnig annars konar jurtir ýmsar. Fundust alls 27 kannabisplöntur á heimili ákærða, og féllst ákærði á afhendingu þeirra til lögreglu.

Ofangreindar plöntur eru geymdar á skrifstofu fíkniefnadeildar, merktar sýni nr. 407 á efnaskrá. Hluti ofangreindra plantna var sendur til greiningar til Rannsóknastofu í lyfjafræði við Háskóla Íslands. Niðurstöður próf. Þorkels Jóhannessonar voru eftirfarandi með bréfi, dags. 11. júní 1979.

„Ávana- og fíknilyf og efni — Matsgerð nr. 333. Sýni 407, sbr. hjálagt ljósrit af beiðni, sem dags. er 17. 5. 1979. Sýnið var dökkgræn planta, nokkuð heilleg, 1.5 g að þyngd. Í smásjá mátti greina fjölmörg þekjuhár og nokkur kirtilhár, sem eru einkennandi fyrir cannabis sativa. Lítarpróf fyrir kannabínólum var jákvætt. Með gasgreiningu á súlu fannst, að magn tetrahydór-kannabínóls í sýninu væri 29 mg/g. Sýnið var því samkvæmt framansögðu cannabis.“

Ákærði var yfirheyrður hjá lögreglu í Reykjavík 31. maí 1979 og lýsti þá aðdraganda ræktunar kannabisplantnanna. Kvaðst ákærði hafa fengið kannabisfræ úr fuglafóðri, er hann hefði keypt fyrir páfagauk í sinni eigu. Fyrst hafi hann hent nokkrum fræjum á víðavangi og af þeim sprottið kannabisplöntur. Í febrúar 1979 hafi hann reynt ræktun slíkra innanhúss, látið þau spíra í vatni og síðan sett í mold og væru haldlagðar plöntur vaxnar upp af þeim.

Ákærði kvaðst ekkert hafa notað af ofangreindum plöntum

eða ráðstafað með öðrum hætti. Neitaði ákærði allri fíkniefna-neyslu og kvaðst ekki hafa gert sér ljóst, að þessi ræktun væri ólögleg. Hafi hann kynnt sér lög um ávana- og fíkniefni og ekki getað af þeim lögum ráðið, að þessi ræktun væri ólögleg.

Ákærði kom hér fyrir dóm 5. nóvember 1979 og viðurkenndi þá að hafa á tímabilinu frá febrúar til maí 1979 samtals ræktað 27 kannabisplöntur, sem lögregla lagði hald á 10. maí sama ár. Hafnaði ákærði sáttaboði og kvaðst óska eftir því, að dómur gengi í máli sínu.

Ákærði var enn yfirheyrður hér í dómi 25. febrúar 1980 og bar þá á sama veg um ofangreinda ræktun. Kvaðst hann við ræktunina hafa stuðst við erlenda bók um ræktun kannabis-plantna.

Ákærði kvaðst ekki hafa neytt kannabisefna hérlandis, en reynt neyslu slíkra á alþjóðlegri ráðstefnu um kannabisefni 8. febrúar sl.

Eiginkona ákærða, María Sigurðardóttir, fædd 1. apríl 1979 (sic), kom hér fyrir dóm 7. mars 1980 og neitaði þá að svara spurningum varðandi ofangreinda kannabisræktun, en skilaði skriflegri greinargerð, þar sem hún bar á sama veg og ákærði um ofangreinda ræktun.

NIÐURSTÖÐUR.

Ákærði hefur samkvæmt ofansögðu viðurkennt að hafa haft í frammi alla þá háttsemi, sem honum er gefin að sök í ákæru-skjali, en kveðst ekki hafa gert sér grein fyrir því, að hún bryti í bága við ákvæði fíkniefnalöggjafar, er hann hefði áður kynnt sér.

Í 3. tl. 74. gr. alm. hegningarlaga nr. 19/1940 er heimilað að færa refsingu þá, sem í lögum er lögð við broti, niður úr lágmarki því, sem þar er ákveðið, hafi sá, sem verkið vann, álitíð, að verkn-aður hans væri ekki réttarbrot, sökum afsakanlegrar vanþekk-ingar eða misskilnings á réttarreglum, sem banna framkvæmd verknaðar. Lög um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974 og reglugerð um sölu og meðferð ávana- og fíkniefna nr. 390/1974 eru löglega birt, og ákvæði þeirra voru ákærða kunn, en í þeim er ótvírátt bann við þeirri háttsemi, sem ákærða er gefin að sök. Verður því ekki talið, að hjá ákærða sé um afsakanlega vanþekkingu eða mis-skilning á nefndum réttarreglum að ræða í merkingu 3. tl. 74. gr. alm. hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. Hrd. IV, bls. 620, 616.

Verjandi vefengir, að plöntur þær, sem lagt var hald á hjá

ákærða, séu fíkniefni í merkingu laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974. Ákærði hefur viðurkennt, að nefndar plöntur hafi verið *cannabis sativa*, en samkvæmt upplýsingum verjanda hefur ákærði nýlega ritað og gefið út ítarlegt leiðbeiningarrit um ræktun slíkra plantna. Er þessi játning ákærða í samræmi við niðurstöðu próf. Þorkels Jóhannessonar, er fékk sýni af nefndum plöntum til efnagreiningar, eins og rakið er hér að framan.

Að öllu ofanskráðu athuguðu og virtu þykir sannað, að ákærði hafi gerst sekur um þá háttsemi, er í ákæruskjali greinir, nánar að hafa ræktað og haft í vörslum sínum að heimili sínu 27 kannabisjurtir (*cannabis sativa*) á tímabilinu frá febrúar til 10. maí 1979, en þann dag lagði lögregla hald á jurtirnar.

Ofangreind háttsemi ákærða er í ákæruskjali réttilega talin varða við 2. gr., sbr. 4., 5. og 6. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974 og 2. gr., sbr. 10. gr. reglugerðar um sölu og meðferð ávana- og fíkniefna nr. 390/1974.

Hefur ákærði samkvæmt ofansögðu unnið til refsingar.

Ákærði hefur ekki áður sætt ákærum eða refsingum, svo kunnugt sé.

Að ofanskráðu athuguðu og virtu þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fésekt að upphæð kr. 3.500.00, er renni í ríkissjóð. Komi 20 daga varðhald í stað sektar, verði hún eigi greidd innan 3ja vikna frá birtingu dóms þessa.

Þá ber og með vísan til 5. mgr. 5. gr. nefndra laga nr. 65/1974, svo sem í ákæru er krafist, að gera ákærða að sæta upptöku á þeim plöntum eða leifum þeirra, er lögreglan lagði hald á 10. maí 1979.

Samkvæmt ofansögðu og með vísan til 141. gr. laga nr. 74/1974 ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar af kr. 1.200.00 til skipaðs verjanda, Guðjóns Styrkárssonar hæstaréttar lögmanns.

Dómsorð:

Ákærði, Þorsteinn Úlfar Björnsson, fæddur 1. febrúar 1951 í Reykjavík, greiði í fésekt til ríkissjóðs kr. 3.500.00, en í sektar stað komi 20 daga varðhald, verði hún eigi greidd innan 3ja vikna frá birtingu dóms þessa.

Upptæk til eyðingar skulu 27 kannabisplöntur eða leifar þeirra, er lögregla lagði hald á 10. maí 1979.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar af kr. 1.200.00 í málsvarnarlaun til skipaðs verjanda, Guðjóns Styrkárssonar hæstaréttarlögmanns.